



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Gegnum tölvupóst 16. apríl 2020

Eftirfarandi var samþykkt í atkvæðagreiðslu stjórnar AKÍS í tölvupósti í dag:

### 1. Ársþing 2020

Í tölvupósti sem formaður sendi stjórn þann 14. apríl 2020, eftir að yfirvöld kynntu aðgerðir um tilslökun á takmörkunum settum vegna Covid19, var lagt til að boðað yrði til ársþings eftir fjórar vikur frá næstu helgi að telja.

Fram kom beiðni um að fá staðfestingu aðildarféлага AKÍS sem nú liggur fyrir.

Framkvæmdastjóra er falið að senda út fyrra fundarboð næsta laugardag til samræmis við lög AKÍS.

### 2. Frestun á keppnisdagatali vegna Covid19

Samþykkt að fresta keppnishaldi í akstursíþróttum til 4. júní 2020. Allar æfingar og keppnir í íþróttum eru bannaðar þar til 4. maí 2020, en þá taka við breytingar á heimildum til æfinga, en keppnir verða enn bannaðar. Ráðgert er að þær aðgerðir sem taka gildi 4. maí næstkomandi gildi í þrjár til fjórar vikur, sem er nærfellt mánaðarmót maí og júní.

Um leið og nýjar upplýsingar koma frá yfirvöldum um hvernig haga megi íþróttastarfi mun AKÍS endurskoða þessa ákvörðun.

Endurröðun á frestuðum keppnum verður gerð með formönnum aðildarfélaganna þegar ljóst er hvenær og hvernig takmörkunum á íþróttahaldi verður aflétt.

AKÍS hefur óskað eftir frekari útskýringum á túlkun á takmörkum þeim sem koma fram í ákvörðun ráðherra hvað viðkemur akstursíþróttum. Þeim upplýsingum mun komið til aðildarféлага AKÍS þegar þær berast.

Samþykkt að senda út eftirfarandi fréttatilkynningu um frestun á keppnishaldi og birta hana einnig á vef og facebook síðu AKÍS:

*Keppnistímabil akstursíþróttar var ætlað að hæfist laugardaginn 2. maí 2020. Vegna takmarkana á samkomum og keppnisbanni yfirvalda þá hefur AKÍS ákveðið að fresta öllu keppnishaldi til fyrstu helgar í júní eða 5. júní 2020.*

*Frá og með 4. maí 2020 er skipulagt íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri heimilt utandyra með þeim takmörkunum þó að ekki séu fleiri en 50 einstaklingar í hóp og að það skuli haldin 2m fjarlægð, einkum hjá eldri börnum.*

*Annað skipulagt íþróttastarf er heimilt utandyra, en með þeim takmörkum að ekki mega fleiri en fjórir einstaklingar æfa eða leika saman og að haldið sé 2m fjarlægð.*

*Þó svo að stefnt sé að keppnishald hefjist þann 5. júní 2020, þá fer það eftir ákvörðunum yfirvalda hvort það er hægt eða ekki.*

*Stjórn AKÍS hefur sett fram spurningar til yfirvalda um frekari skýringar á því sem akstursíþróttafólk má eða má ekki gera. Um leið og koma svör við þeim spurningum þá mun það tilkynnt.*

### 3. Næsti fundur

Hangouts 21. apríl 2020 kl. 18:00.